

# Jafnréttisáætlun-Hofsstaðaskóla

## Jafnrétti og virðing Starfsfólk

Með hugtakinu jafnrétti er hér átt við að allir skulu vera jafnir og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Megin áhersla áætlunarinnar er að konur og karlar njóti jafns réttar í hvívetna í Hofsstaðaskóla. Þannig verði tryggt að sá mannauður sem byggir á menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla nýtist sem best. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er unnið á virkan hátt gegn slíkri mismunun.

### Launajafnrétti

Gæta skal jafnræðis við ákvarðanir um laun og kjör starfsmanna. Greiða skal körlum og konum sömu laun fyrir sambærileg störf.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Greitt skv. kjarasamningum	Skólastjóri	Alltaf

### Verkefni, nefndir, ráð og stjórnir

Fyllsta jafnréttis skal gætt við úthlutun verkefna, tilnefningar í nefndir og ráð á vegum Hofsstaðaskóla. Skal í því sambandi minna á ákvæði 20 gr. jafnréttislaga þar sem segir, að þar sem því verði við komið sitji sem næst jafnmargar konur og karlar í nefndum, ráðum og stjórnunum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Úttekt á stöðu mála	Matsteymi	Nóvember ár hvert

### Auglýsingar og ráðning

Í auglýsingum eru störf ekki kyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga. Ef sérstaklega hallar á annað kynið á starfssviði, þá er það kyn sem hallar á sérstaklega hvatt til að sækja um viðkomandi starf. Ef tveir jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýsta stöðu, skal sá af því kyni sem er í minnihluta í slíkum störfum, að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Samantekt á kynjahlutföllum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Sjálfsmatsskýrsla	Skólastjóri	Janúar ár hvert
Auglýst sérstaklega eftir því kyni sem hallar á.	Skólastjóri	Þegar auglýst er

### Símenntun og starfsþróun

Áhersla er lögð á að öllu starfsfólki sé gefinn kostur á að sækja námskeið sem haldin eru til að efla hæfileika þeirra í starfi. Í Hofsstaðaskóla er lögð rík áhersla á sjálfsmat og að allir starfsmenn eigi kost á símenntun og starfsþróun. Til að svo megi vera fara fram starfsmannasamtöl milli stjórnenda og starfsfólks einu sinni á ári þar sem starfsfólki gefst kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og fá endurgjöf á vinnuframlagi sínu. Hér skal fyllsta jafnréttis meðal starfsmanna ávallt gætt.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Árleg starfsmannasamtöl	Stjórnendur	Febrúar/mars ár hvert
Eftirfylgni símenntunaráætlunar	Skólastjóri	Júní ár hvert

#### *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs*

Leitast er við að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Úttekt á stöðu mála	Skólastjóri	Nóvember ár hvert

#### *Gagnkvæm virðing*

Lögð er áhersla á góða líðan starfsfólks í Hofstaðaskóla. Starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Vanda skal orðanotkun í öllum samskiptum manna í milli.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Úttekt á stöðu mála	Skólastjóri	Nóvember ár hvert

#### *Aðgerðahópur vegna jafnréttis*

Starfsmenn Hofstaðaskóla geta leitað til hópans með mál er varða hvers kyns áreitni eða misrétti. Hópurinn ber ábyrgð á innleiðingu jafnréttisáætlunar. Í hópnum situr fulltrúi stjórnenda og starfsfólks

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Innleiðing jafnréttisáætlunar	Aðgerðahópur	Mars 2013

#### *Endurskoðun jafnréttisáætlunar*

Jafnréttisáætlun þessa skal endurskoða með reglubundnum hætti. Umsjón með endurskoðun skal vera í höndum aðgerðahóps sem tekur meðal annars mið af könnun á árangri áætlunarinnar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Endurskoðun/könnun	Aðgerðahópur	Mars 2014

## Jafnréttisáætlun-Hofsstaðaskóla

### *Jafnrétti og virðing Nemendur*

Með hugtakinu jafnrétti er hér átt við að allir skulu vera jafnir og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans og reynt skal að miða námsframboð og viðfangsefni að áhugasviðum beggja kynja. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir. Viðfangsefni eiga að höfða jafnt til drengja og stúlkna. Allt námsefni og kennslugögn þarf að skoða með tilliti til jafnréttis. Nemendur eiga rétt á markvissri jafnréttisfræðslu t.d. sem hluta af lífsleiknitímum.

#### *Niðurstöður á samræmdum prófum*

Árlega skal skoða einkunnir í 4. og 7. bekk með tilliti til kynja. Ef í ljós kemur verulegur munur á einkunnum nemenda eftir kyni þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynja verði sem jöfnust.

<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>
Úrvinnsla og samanburður einkunna drengja og stúlkna	Deildarstjórar	Janúar ár hvert
Endurskoða námshópa	Deildarstjórar	Janúar ár hvert

Gæta verður að hlutur kynjanna sé jafn þegar valið er í nemendafélag, ýmsar nefndir og við hvert það tækifæri þegar nemendur koma fram fyrir hönd skólans. Það sama á við um þátttöku drengja og stúlkna í íþróttamótum.

<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>
Jafnt hlutfall drengja og stúlkna í öllu félagsstarfi og viðburðum á vegum skólans	Stjórnendur	Alltaf

Réttur nemenda Hofsstaðaskóla er að vinna í fordómalausum umhverfi þar sem jafnrétti og virðing ríkir.

Garðabær  
Október 2017